

Ed.

137. Frumvarp til laga

[133. mál]

um lækun gjalda af fasteignum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Hvarvetna þar sem í lögum segir, að gjöld eða skattar til ríkis og sveitarfélaga skuli reiknast sem ákveðinn hundraðshluti af fasteignamat fasteigna, þar með talið mat fasteigna til eignar vegna álagningar eignarskatts, skal lækka gjaldstofn til álagningarinnar um 20% fyrir þau gjöld og skatta sem reiknast á ársgrundvelli, en frá og með gildistöku laganna til 1. des. 1983 að öðrum kosti. Jafnframt er óheimilt að hækka viðkomandi álagningarprósentu á árinu 1983 frá því sem gildi á árinu 1982.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að draga úr húsnæðiskostnaði á tímum minnkandi kaupmáttar og koma í veg fyrir að greiðslubyrði af íbúðareign eða húsaleigu aukist vegna stórhækkaðs fasteignamats sem er í engu samræmi við þróun launa.

Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hefur nú verið hækkað um allt að 78% milli ára á sama tíma og laun hækka um 48%. Þetta veldur augljóslega mikilli aukningu húsnæðiskostnaðar

bæði hjá þeim, sem búa í eigin húsnæði, og eins þeim, sem leigja íbúdir, því leiga er oft bundin vísitölu húsnæðiskostnaðar. Sú aukning greiðslubyrðar, sem hér um ræðir, er mjög tilfinnanleg á tímum versnandi kaupmáttar.

Samkvæmt auglýsingu fjármálaráðuneytisins nr. 634, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda 26. nóvember 1982, var tilkynnt hækkun mats fasteigna á höfuðborgarsvæðinu um 78 af hundraði og annars staðar um 65 af hundraði.

Svo sem kunnugt er er fasteignamat á hverjum tíma gjaldstofn fyrir ýmis gjöld til ríkis og sveitarfélaga. Má þar nefna fasteignagjöld til sveitarfélaga, eignarskatt, erfðafjárskatt og stimpilgjöld til ríkissjóðs.

Þá hefur upphæð fasteignagjalda áhrif á vísitölu húsnæðiskostnaðar. Vitað er að fjöldi húsaleigusamninga er háður breytingum á vísitölu húsnæðiskostnaðar. Mikil hækkun fasteignagjalda eykur því greiðslubyrði leigutaka. Meginhækkun vísitölnunnar á sér stað 1. apríl ár hvert, og eiga fasteignagjöld þar stóran hlut að máli. Undanfarin ár hefur vísitala húsnæðiskostnaðar hækkað langleiðina um fjörutíu af hundraði á þeim degi.

Kaup launþega hefur hvergi nærri fylgt þessari hækkun. Því verður að teljast eðlilegt að spyrna nokkuð fótum við hækkuninni og léttu greiðslubyrðina af húsnæði, hvort heldur er í eigin eign eða tekið á leigu. Húsnæðismál eru í brennidepli þessa dagana og er eðlilegt að ríki og sveitarfélög komi til móts við almenning að þessu leyti. Sú breyting, sem hér er gerð tillaga um, mun þýða rúmlega 40% hækkun gjaldstofns í stað 78% hækkunar.

Vitaskuld er íhugunarefni sú mismunun sem kemur fram í gjaldbyrði milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta. Hér er hins vegar gert ráð fyrir svo einfaldri breytingu sem unnt er, og gildir breytingin aðeins í eitt ár. Tímenn ætti hins vegar að nota til að athuga þessa gjaldröku í heild sinni og hyggja að endurskoðun hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Gert er ráð fyrir að öll gjöld og skattar, sem reiknast sem hlutfall af fasteignamati, lækki um 20%. Farin er sú leið að tímabinda þetta ákvæði einungis við næsta ár og verði gjaldstofninn færður niður sem þessu nemur. Er þá tekið fram að þetta skuli einnig gilda um mat fasteignar til eignar vegna eignarskatts.

Varðandi þau gjöld og þá skatta, svo sem eignarskatt og fasteignagjöld til sveitarfélaga, sem á eru lögð árlega, tekur þessi sérstaka lækkun til gjaldársins 1983. Um önnur gjöld, svo sem stimpilgjöld og erfðafjárskatt, er miðað við gildistökuðag laganna og tímabilið fram að nýju fasteignamati, þ. e. a. s. 1. des. 1983.

Við 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.